

Listakonan Gunnella býður félagsmönnum til samstarfs

Á félagsfundum Íslenska bútaumsfélagsins 24. febrúar s.l. var tilkynnt að listakonan Gunnella hefði áhuga á að bjóða félögum félagsins að vinna með sér að sameiginlegri sýningu. Þar yrðu sýnd málverk eftir hana og bútaumsmyndir sem saumaðar yrðu eftir málverkum hennar. Fer hér á eftir pistill Gunnelli sem lesinn var á fundinum.

Áhugasömum er bent á að skrifa Gunnelli eða hringja í síma 564-1592 eða 656-7553. Einnig mun Borghildur skrá niður þátttöku og svara fyrirspurnum í síma 849-8022. Á heimasíðu Gunnelli www.gunnella.info má sjá úrval af verkunum hennar.

Hugmynd mín er sú að útfæra málverk yfir í textíl. Þetta er hugmynd sem ég hef gengið með í maganum í mörg ár. Ég hef farið á bútaumssýningar hjá félaginu og skoðað myndir á netinu og séð möguleikana sem bútaumurinn býður upp á með öllum sínum fallegu og fjölbreyttu efnum og litum og fjölbreyttu sniðformum.

Þetta verkefni er ekki bundið við félagsmenn í Íslenska bútaumsfélaginu heldur er ég að bjóða öllu góðu handverkfólki í saumaskap sem treystir sér og hefur áhuga á því að taka þátt í þessu verkefni, burtséð frá því hvort fólk sé í félaginu eða ekki. Ég er bara að leita að skapandi og vandvirkum saumakonum. Myndin má líka vera gerð í útsaum, flatsaum eða hverjum öðrum saumi sem er og saumuð mynd má líka vera sem miðstykki í bútaumsteppi. Þetta má vera saumað á hvern þann hátt sem hver og ein vill, handsaumað og/eða vélsaumað.

Hugmynd mín er að hver og ein velji sér málverk til að útfæra í textílinn og hún má útfæra það á hvern þann hátt sem hún vill. Þ.e. nota málverkið í heild sem miðjumynd í teppinu eða nota hlut af málverki í endurteknum bútum eða á hvern þann hátt sem hverri og einni dettur í hug og hentar að vinna eftir.

Sum málverkin henta e.t.v. betur en önnur í þetta verkefni og mun ég fara yfir það með þeim sem eru tilbúnar að leggja í verkefnið.

Ég prófaði að setja nokkrar myndir í "SPOON-FLOWER" forritið og þar breyttist málverkið í quilt munstur og fannst mér "speglunar" munstrið mjög spennandi og hentaði mjög vel fyrir sum málverkin.

Þegar búið er að ákveða hvar sýningin verður, hvernig rýmið er og fjöldi teppa, stærð þeirra gæði og þ.h. þá verð ég, ef með þarf, að fá að velja og hafna hvað af verkunum fer á sýninguna. Þannig vinn ég sjálf þegar ég er að undirbúa sýningu...ég mála myrkranna á milli, eins mikið og ég get og svo þegar að sýningu kemur vel ég og met hvaða verk ég nota á sýninguna. Þessa hluti er einginlega vonlaust að ákveða fyrirfram, maður þarf bara að stilla upp, vega og meta svo útkoman verði góð og góð heildarmynd á sýningunni.

Saumakonan ber sinn kostnað af teppinu og hún á sitt eigið teppi. Ég á auðvitað alltaf höfundarréttinn að mínum myndum, þannig er það bara í lögunum og það má enginn nota myndirnar á neinn annan hátt, hvorki birta myndir af þeim eða kópera, auglýsa eða vinna með þær á einhvern annan hátt eða fleiri þætti. Í þetta verkefni gef ég hins vegar leyfi til að hver og ein fái og nota mynd og útfæra, en það er auðvitað bara í þetta verkefni og ekki má "áfram-nota" myndirnar í fleiri og önnur teppi. Ef fólk vill sýna teppið sitt á sýningum annarsstaðar, hér eða erlendis, þá myndi ég gjarnan vilja fá að vita af því og þá samþykkja það.

Ég veit ekki til þess að svona samstarfsverkefni hafi verið unnið áður, þ.e. málverk og textíll, en mér finnst þetta allavega mjög spennandi og vonandi verður hægt að láta þessa hugmynd verða að veruleika.

Tilgangur þessarar vinnu yrði svo að halda sýningu á verkunum, eftir u.þ.b. 2 ár, þar sem málverki og teppi er stillt upp hlið við hlið. Ég held að útkoman yrði MJÖG spennandi og gaman að sjá hvernig málverkið og textíllinn tala saman á einni sýningu. Reyndar eru myndirnar mínar út um allar trissur en ég myndi kalla eftir þeim fyrir sýninguna.

Hér heima er ég með talsvert af myndum sem ég á sjálf sem hægt er aðkíkja á. Þá eru hæg heimatökin, þegar kemur að sækja frummyndirnar fyrir sýninguna.

Þær sem hafa áhuga mega endilega hafa samband við mig annaðhvort í tölvupósti eða hringja í síma 5641592 eða 6167553 og svo skoða heimasíðuna www.gunnella.info.